

Fimmtudaginn 4. mars 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.18:00

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Þuríður Sigurðardóttir, Skúli Guðbjörnsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Ragnheiður Pálsdóttir.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Leigufélagið Bríet

Stjórn sendi erindi til leigufélagsins Bríetar í desember 2020 með beiðni um að félagið tæki yfir íbúðir Bakkahvamms hses. Bríet lýsti svo yfir áhuga um að byggja nýjar íbúðir í Dalabyggð. Í ársbyrjun 2021 festi Bríet kaup á íbúðir að Bakkahvammi 8d og 8e og hefur auglýst þær til leigu. Yfirtaka Bríetar á íbúðum í eigu Bakkahvamms hses. gæti náðst þegar nær dregur vori samkvæmt upplýsingum stjórnar. Stjórn leggur til að boðaður sé fundur með leigufélaginu Bríet.

Samþykkt.

2. Fulltrúaráð

Samkv. reglum þarf að fara að huga að skipun fulltrúaráðs, þ.e. 6 frá sveitarfélaginu og 3 frá leigjendum. Því verði beint til sveitarstjórnar að skoða tilnefningu fulltrúa á næsta fundi hennar og leigjendum leiðbeint um skipan.

Samþykkt.

3. Athugasemdir frá leigjanda

Í samningum við byggingaraðila var talað um að byggingaraðili ætti að koma og taka út húsnæðið ári eftir skil. Stjórn leggur áherslu á að halda til haga öllum athugasemdum sem koma frá leigjendum. Þær athugasemdir sem liggja fyrir á þessari stundu verði skoðaðar.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:32